

SAMÞYKKT

um kattahald í þéttbýli í Bláskógabyggð.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um kattahald í þéttbýli í Bláskógabyggð og sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari. Þéttbýli sem um ræðir í samþykkt þessari eru þau svæði sem eru skilgreind þéttbýli í aðalskipulagi Bláskógabyggðar þ.e. Laugarás, Laugarvatn og Reykholt.

2. gr.

Markmið samþykktar þessarar er að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með þá, tryggi þeim góða vist, sjái til þess að þeir séu ekki á flækingi og að af þeim stafi hvorki ónæði né tjón. Markmið er einnig að stuðla að verndun fuglalífs.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Um kattahald í fjöleignarhúsum gilda ákvæði laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

5. gr.

Eiganda og umráðamanni er skylt að sjá til þess að farið sé vel með ketti þeirra samkvæmt lögum nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerð um velferð gæludýra nr. 80/2016. Ákvæði reglugerðar nr. 80/2016 um velferð gæludýra gilda um aðbúnað og umönnun katta.

6. gr.

Allir kettir skulu örmerktir innan 12 vikna aldurs með einstaklingsörmerki skv. alþjóðlegum ISO-staðli, skv. ákvæðum reglugerðar um velferð gæludýra nr. 80/2016. Ber viðkomandi eigandi eða umráðamaður allan kostnað af merkingu og skráningu kattarins, sem dýralæknir annast.

Kettir skulu bera hálsól með merki þar sem koma fram nafn og símanúmer umráðamanns.

7. gr.

Gelda skal alla fressketti sex mánaða og eldri sem ganga lausir utandyra.

8. gr.

Eigendum og umráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á kettina og eftir atvikum takmarka útiveru þeirra.

9. gr.

Í þeim tilgangi að fyrirbyggja sýkingar af völdum spóluorma í köttum, sbr. 42. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti, er eiganda eða umráðamanni kattar skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega frá 12 vikna aldri. Ber viðkomandi eigandi eða umráðamaður allan kostnað af hreinsun kattarins.

Ef smit sjúkdóma eða sníkjudýra kemur upp skal umráðamaður án tafar leita meðferðar fyrir dýr og grípa til aðgerða til að hindra smitdreifingu.

10. gr.

Ketti skal halda þannig að ekki valdi hávaða, ónæði, óhollustu eða óþrifnaði. Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða umráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Eiganda eða umráðamanni kattar ber að greiða það tjón sem köttur hans veldur.

11. gr.

Óheimilt er að hleypta köttum í þau húsrými og lóðir sem tilgreind eru í 1. mgr. 43. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti nema í þeim undantekningartilvikum sem tilgreind eru í greininni, eða að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, sbr. 6. mgr. sömu greinar.

12. gr.

Bláskógabyggð gerir ráðstafanir til að fækka hálfvilltum köttum. Handsömun katta annast starfsmenn þjónustumiðstöðvar Bláskógabyggðar eða verktaki. Um handsömun katta fer skv. 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra og 12. gr. reglugerðar nr. 80/2016 um velferð gæludýra.

Ef umráðamaður eða eigandi vitjar ekki kattar innan viku frá því að honum var tilkynnt um handsömun hans, eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna, er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa kettinum eins og um hálfvillt dýr sé að ræða, þ.e. ráðstafa kettinum til nýs eiganda eða aflífa án bóta.

13. gr.

Heimilt er að innheimta handsömunar- og vistunargjöld í samræmi við gjaldskrá sem sveitarstjórn Bláskógabyggðar setur í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

14. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði vísast til XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um málskot fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

15. gr.

Samþykkt þessi er samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar og staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 28. janúar 2025.

F. h. umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra,

Erla Arnardóttir.

Trausti Ágúst Hermannsson.